

Viðtalsverkefni – leiðbeiningar

Þjóðfræði snýst um að rannsaka og skoða ýmsa hópa en ekki einstaklinga. Til að fá upplýsingar um hópa verðum við að spyrja einstaklinga um þá hópa sem þeir tilheyra eða fylgjast með þeim. Í þessu verkefni átt þú að taka viðtal við einhvern um hóp sem viðkomandi tilheyrir, t.d. starfstétt, félagsskap, þjóðernishóp, jaðarhóp, e.þ.h. Hafðu í huga að fá upplýsingar um siði og hefðir sem tengjast hópnum, tilgang, þýðingu, áhrif og fleira slíkt. Verkefnið vinnur þú í eftirfarandi skrefum:

1. Útbúðu viðtalsramma með þremur til fjórum umræðuefnum og punktaðu við hverju þú vilt helst komast að varðandi hvert umræðuefni.
2. Fáðu leyfi til að ræða við einhver í um tuttugu mínútur um einhvern hóp sem viðkomandi tilheyrir, taktu viðtalið upp.
3. Skrifðu viðtalið upp skv. leiðbeiningum og þemagreindu það. Eyddu upptökunni að því loknu.
4. Skrifðu upp niðurstöðukafla og umræðukafla um niðurstöðurnar, búðu til forsíðu skv. ítrustu reglum og skilaðu í skilakassa á Moodle mánudaginn 26. febrúar.

Eins og í öllum verkefnum er miðað við snyrtilegan frágang verkefna, forsíðu sem uppfyllir fræðileg skilyrði, 12-14 punkta læsilegt letur (Times New Roman, Arial eða Calibri) og 1,5 línubil. Ath. ekki þarf að vísa í heimildir í þessu verkefni.

Skiladagur er mánudaginn 26. febrúar.